

7. fundur skólaráðs 30.4.2014. kl. 8:10

Mættir: Elísa Vigfúsdóttir, fulltrúi foreldra, María Heba fulltrúi grenndarsamfélags, Þórður Ingi Bjarnason fulltrúi foreldra, Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Anna Kristín Jóhannesdóttir aðstoðarskólastjóri, Anna María Skúladóttir aðstoðarskólastjóri, Þórdís Ásgeirsdóttir skólaliði, Helga Ágústsdóttir kennari, Sverrir Kristinsson kennari, Kolbeinn Sveinsson, formaður nemendaráðs, Helga Húnfjörð, fulltrúi nemenda. Gestur á fundinn var Elías Már umsjónarmaður fasteigna.

Dagskrá:

1. **Skólahúsnæðið og skólalóðin.**
2. **Öryggi- og aðbúnaður.**
3. **Kynning á niðurstöðum foreldrakannana.**
4. **Önnur mál.**

1. **Skólahúsnæðið og skólalóðin.** Farið var yfir ástand skólahúsnæðis á báðum starfsstöðvum, farið var yfir þörf á viðhaldi og hvað verður gert þetta árið. Einnig var rætt um fyrirhugaðar breitingar á aðstöðu nemenda, Bólið og sagt frá því sem hefur verið gert í að taka til og henda rusli og gömlum kennslubókum sem eru úreltar. Einnig um fyrirhugaða nýtingu á húsnæðinu.
2. **Öryggi- og aðbúnaður.** Farið var yfir öryggi á vinnustað varðandi nemendur og starfsmenn. Rætt var um aðbúnað starfsmanna varðandi matarmál og hversu mikil áhrif það hefur haft á starfsánægju að enginn starfsmaður er á kaffistofu starfsstöðvanna.
3. **Kynning á niðurstöðum foreldrakannana.** Farið var yfir niðurstöður í Skólapúlsi á foreldrakönnun. Erfitt var að ná lágmarkspátttöku sem er 80% og náðist einungis 73% þátttaka eftir mikla vinnu. Fram kom að foreldrar virðast ánægðari með stjórnun skólans en áður og að foreldrar eru almennt ánægðir með starf skólans. Eineltismál þarf að vinna betur og á styttri tíma að mati foreldra. Foreldrar virðast treysta skólanum fyrir námi og velferð barna sinna. Einnig kom fram að foreldrar telja heimasíðu skólans ekki góða en stjórnendur segja síðuna mjög góða og nýja en að foreldrar hafi sennilega ekki nýtt sér hana enn og viti ekki hversu góð hún er orðin.
4. **Önnur mál.** Engin önnur mál bárust.

Fleira var ekki rætt fundi slitið kl. 9:30

Ritari Anna Kristín Jóhannesdóttir